

**23. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)**  
**Haldinn þriðjudaginn 19. nóvember 2019 kl. 15:00.**  
**Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skúlagötu 4**

---

**Viðstaddir:**

*Stjórnarmenn:* Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, formaður, Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Ingibjörg Ólafsdóttir og Þórir Garðarsson, bæði frá Samtökum ferðaþjónustunnar og Kristján Þór Magnússon frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og Bogi Nils Bogason frá Samtökum ferðaþjónustunnar voru fjarverandi.

*Aðrir:* Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF (áheyrnarfulltrúi), Haraldur Pálsson frá Stjórnstöð ferðamála, Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Orri Páll Jóhannsson aðstoðarmaður umhverfis- og auðlindaráðherra, Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri (áheyrnarfulltrúi) og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð.

---

1. Fundargerð síðasta fundar (*til samþykktar*).  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og verður birt á vefsíðu ANR.
2. Aðgerðabundin stefnumótun – staða verkefnis (*framkvæmdastjóri*)  
Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu og framhaldi stefnumótunarverkefnis sem verið er að vinna í sex vinnuhópum út frá framtíðarsýn ferðaþjónustunnar til 2030. Fyrstu drög að aðgerðabundinni stefnumótun og forgangsröðun verkefna skv. henni verða kynnt fyrir stjórninni um miðjan janúar 2020.
3. DMO – staða umræðna við hagaðila (*framkvæmdastjóri/ferðamálastjóri*)  
Framkvæmdastjóri og ferðamálastjóri gerðu grein fyrir stöðu umræðna við hagaðila varðandi þróun markaðsstofa landshlutanna yfir í áfangastaðastofur.
4. Stuðlagil – umræður um stöðu mála, nauðsynlegar aðgerðir, hagaðila, samhæfingu o.fl. (*framkvæmdastjóri*)

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu mála við Stuðlagil sem er sjálfsprottinn nýr áfangastaður. Rætt um uppbyggingu innviða á staðnum, hlutverk stjórnvalda og tengilið á svæðinu og ákveðið að skoða betur fyrir næsta fund.

5. Verkefni SF 2020 (*framkvæmdastjóri*)

Framkvæmdastjóri fór yfir forgangsmál skv. Vegvísi í ferðaþjónustu og gerði grein fyrir framgangi þeirra. Meginhlutverk Stjórnstöðvar ferðamála á árinu 2020 er að ljúka aðgerðabundinni stefnumótun og öðrum verkefnum sem enn eru í gangi. Þegar starfstíma Stjórnstöðvar lýkur tekur nýtt ferðamálaráð skv. lögum um Ferðamálastofu til starfa þar sem fulltrúar sömu aðila og eiga sæti í stjórninni verða ráðherra til ráðgjafar.

6. Talningar ferðamanna (*framkvæmdastjóri*)

Framkvæmdastjóra falið að leggja upp erindisbréf sem lýsir verkefninu. Í framhaldinu mun ráðherra skipa starfshóp með fulltrúum ráðuneyta ferðamála, dómsmála, fjármála og samgöngumála til að vinna verkefnið áfram.

7. Önnur mál.

Framkvæmdastjóra og ferðamálastjóra falið að funda með Vegagerðinni vegna skiltamála.

Rætt um fjármagn til almennrar landkyrningar í gegnum samning atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

Rætt um næsta fund þar sem frumdrög aðgerðabundinnar stefnumótunar verða rædd.

Fundi slitið kl. 15:35